

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORDURLANDS
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P.O. BOX 580 - 602 AKUREYRI - ICELAND

GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐAR RÍKISINS, AKUREYRI

EFNISNÁM VEGNA VEGAGERÐAR UM MÝVATNSÖRÆFI, (AUSTARASELSHEIÐI)

**Halldór G. Pétursson
Jarðfræðingur**

Akureyri, Júní 1993

EFNISNÁM VEGNA VEGAGERÐAR UM MÝVATNSÖRÆFI, (AUSTARASELSHEIÐI).

EFRA BURÐARLAG: Mikið var leitað að henntugu efni í efra burðarlag á svæðinu. Slíkt efni er ekki að finna nema á Dalfjalli, norðan Námaskarðs. Þar eru leifar af mikilli framburðarsléttu, sem er sennilega framburður jökuláa í lón við jökuljaðar í ísaldarlokin. Til að komast í tiltölulega hrein og vinnanleg malar og gróf-sandslög verður að fara um 1.5 km í norður frá endurvarpsstöðinni á fjallinu, alveg norður undir nýlega landgræðslugirðingu. Þarna eru sennilega um 200.000 m³ af grófri möl og steinum og eitthvað álika af grófum sandi.

Á móti námuvinnslu mælir að einungis jeppaslóðar eru um svæðið og um 2.5 km vegagerð yrði að koma til ef af námuvinnslu yrði. Námusvæðið blasir við frá Reykjahlíðarheiði og Hlíðarfjalli. Auk þess er land hér óskert og þykir mér ólíklegt að Náttúruverndarráð ljái máls á efnistöku.

Varðandi gæði efnisins er rétt að taka fram að svæðið er sundurskorið af misgengjum og sprungum og hefur jarðhiti (gufa?) valdið ummyndun og útfellingum við þær. Rétt er einnig að geta þess að linsur/eitlar af jökulruðningi/illa aðgreindu efni geta leynst inn á milli malar og sandlaganna, en erfitt er að finna þær fyrr en við námuvinnslu.

NEÐRA BURÐARLAG: Námusvæði sem gefur af sér 55.000 - 60.000 m³ af fínkorna sandi er við landgræðslugirðingu austan við Sandfell (mynd 1). Þessi sandur er líklega foksandur að uppruna og hefur sest til á milli hraunjaðars og hlíðar. Hann er jafnkorna, þéttur (pakkaður) og í honum eru einstaka steinvölur. Þunnar moldarlinsur finnast einnig í honum, en þær ættu þó ekki að rýra gæði efnisins. Tvær holur voru grafnar í sandinn og í þeiri sem nær var hlíðinni var sandurinn 1.70 m á þykkt og undir var moldarjarðvegur. Hin holan, sem var á miðjum sandinum, varð 2.60 m á dýpt og þá var ekki komið niður úr sandinum. Henntugast virðist að vinna efnið í fleti og ýta því upp. Land er hér ógróið og er yfirborð sandsins þakið smásteinum.

FYLLIEFNI: Þrjú námusvæði fyrir fylliefni voru skoðuð, en öll eru þau í jökulruðning. Jökulruðningurinn er allstaðar fínkorna og innheldur tiltölulega lítið af völum og steinum. Hann er harður, hálfsmálímdur og verður því harðari sem neðar dregur. Ruðningurinn verður vart unninn öðruvísi en að brjóta hann upp með stórri jarðýtu með ripper.

Fylliefnismá I (mynd 2) er staðsett við vesturenda veg-línunnar. Þar koma þrjú efnistökusvæði til greina:
Svæði A) er út frá gamalli gryfju, en þar tel ég að hægt sé að ná um 50.000 m³ af jökulruðningi miðað við að gryfjudýpt sé um 3 m, en hugsanlegt er að komast dýpra. Fjarlægja

verður um 12.500 m^3 af jarðvegi (1 m þykkur, velgróið land), ýta honum til hliðanna og nota til að loka námunni seinna.

Svæði B) er milli lækjarfarvegs og veglinu og er lítið, um 7500 m^3 af jökulruðningi, en 2500 m^3 af jarðvegi (1 m þykkur, velgróið land) þarf að fjarlægja. Þykktin á jökulruðningnum í farveginum er 5-6 m og gefur það hugmynd um þykkt ruðnings á Austaraselsheiðarsvæðinu. Ef hér yrði unnin náma yrði hún að grynnka í átt að veglinu.


Svæði C) er norðan við fyrrnefndan lækjarfarveg og gæfi af sér a.m.k. 30.000 m^3 af jökulruðningi (reiknað með 3 m djúpri námu) og fjarlægja þyrfti 10.000 m^3 af jarðvegi (1 m þykkur, velgróið land).

Fylliefnispá II (mynd 3) er á svonefndri Vestaribrekku. Reiknað er með að fara inn í brekkuna sunnan við veglinu og þar sé hægt að vinna um 113.000 m^3 af jökulruðningi, miðað við að gryfjudýpt sé um 3 m. Vitað er að jökulruðningurinn er mun þykkri (6-7 m) og því er vel hægt að fara dýpra. Rétt er að skilja við námustálið sem snýr að veglinu í fláa. Svæðið er aðeins mishæðótt. Kollar eru þaktir mosabembu (0.5 m jarðvegur) en á milli er lyng og víðir (a.m.k. 1 m jarðvegur). Fjarlægja verður um 38.000 m^3 af jarðvegi. Eitt-hvað af honum má setja niður í brekkurótina, annað verður að geyma á gryfjubörmum og nota þegar gengið er frá námu.

Fylliefnispá III (mynd 4) er við Austaribrekku. Þar koma tvö efnistökusvæði til greina. Annað (svæði A) vegna þeirrar veglinu sem byggð verður í ár. Hitt (svæði B) má svo nota þegar vegurinn verður byggður upp til austurs.

Svæði A er út frá gamalli námu, en veglína kemur til með að skera hana. Þarna má fá a.m.k. 120.000 m^3 af jökulruðningi, miðað við að gryfjudýpt sé 3 m. Jökulruðningurinn er mun þykkari (6-8 m), en það sést í misgengisbrún rétt vestan við gryfjuna. Land er hér þakið mosabembu og jarðvegsþykkt ca. 0.6 m. Fjarlægja verður 24.000 m^3 jarðvegi, ýta upp á gryfjurúnir og nota þegar gengið verður frá námunni.

Svæði B er svo hugsanlegt framtíðarnámusvæði, en þar má vinna a.m.k. 240.000 m^3 af jökulruðningi, ef gryfjudýpt er um 3 m. Svæðið er ógrónir mellar, en efstu 0.2-0.5 m eru blandaðir mold og verður því að fjarlægja ca. 25.000 m^3 af svæðinu.



MYND 1.
NÁMUSVÆÐI
AUÐSTAN VIÐ
SANDFELL


SANDUR-NEDRA-
BURDARLAG

55.000 - 60.000 m³

MYND-2 FYLLIÆFNISNÁMA I.

MÖGULEÍKI:

- (A) AMK 50.000 m^3 N
12.500 m^3 JÖKULRUÐNINGUR
JARDVÆGUR
- (B) AMK 7500 m^3 JÖKULRUÐNINGUR
2500 m^3 JARDVÆGUR
- (C) AMK 30.000 m^3 JÖKULRUÐNINGUR
10.000 m^3 JARDVÆGUR




MYND-3

FYLLIÐFNIÐNÁMA II.

AMK - 113.000 m^3 JÖKULRUÐNINGUR
 38.000 m^3 JARÐVEÐLIR





MYND 4. FYLLIÐFNIÐNÁMA III

MÖGLILEIKI (A) AMK 120.000 m^3
JÖKULRHÖNINGUR
 24.000 m^3 JARDVÉGUR

MÖGLILEIKI (B) AMK 240.000 m^3
JÖKULRHÖNINGUR
 $\sim 26.000 \text{ m}^3$
JARDVÉGUR/HREYFI